

## IS Hlutabréfasjóðurinn

### Markmið og fjárfestingarstefna


IS Hlutabréfasjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í hlutabréfum skráðum í Kauphöll á Íslandi. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í óskráðum innlendum hlutafélögum, þó að hámarki 30% af heildareignum, enda sé það yfirlýst stefna fyrirtækis að sótt verði um skráningu innan tveggja ára. Sjóðnum er heimilt að eiga að hámarki 50% af heildareignum í innlánum fjármálafyrirtækja séu markaðsaðstæður til fjárfestinga í hlutabréfum ekki hagstæðar að mati sjóðstjóra. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í afleiðum en að hámarki 10% af heildareignum. Þó er sjóðnum óheimilt að taka lán til að fjárfesta í hlutabréfum og skortselja fjármálagerninga.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu hans eða hjá söluaðilum sjóðsins.

### Fjárfestingarheimildir

Skráð hlutabréf	40-100%
Óskráð hlutabréf	0-30%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0-10%
Afleiður vegna stöðutöku	0-10%
Íslensk hlutabréf skráð erlendis	0-30%
Laust fé	


### Eignasamsetning




### Stærstu eignir

Marel hf.	16,8%
Icelandair Group hf.	11,1%
Eimskipafélag Íslands	10,2%
Eik Fasteignafélag hf.	8,6%
Reginn hf.	8,2%
Arion banki hf.	8,1%
Hagar hf.	6,9%
Sýn hf.	6,5%
Origo hf.	6,4%
Alpha hlutabréf	4,6%


### Atvinnugreinaflokkun



### Ávöxtun og gengispróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
6 mán	-8,1%	
1 ár	-9,9%	-9,9%
2 ár	-13,3%	-6,9%
3 ár	-18,2%	-6,5%
4 ár	17,7%	4,2%
5 ár	25,9%	4,7%
Frá áramótum	0,0%	0,0%
Frá stofnun****	119,4%	3,7%



### Almennar upplýsingar

Stofnár	1998
Stærð [m.kr.]	4.834
Tegund sjóðs	Fjárfestingarsjóður
Viðmið	OMX18CAP
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000004273
Bloomberg auðkenni	ISSELEQ IR
Sjóðstjóri	Gísli Halldórsson
	Mogens G. Mogensen
Viðskiptatími	10:00-15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Lágmarkskaup í áskrift	5.000 kr.
Árleg umsjónarlaun	1,7%
Kostnaður við kaup	2,0%
Kostnaður við kaup í áskrift	1,0%
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

### Tölfræði

Áhættuflokkun	5/7
Viðmiðunarvísitala	OMX18GI

### Nánari upplýsingar

Íslandssjóðir hf.  
Hagasmára 3, 201 Kópavogi  
Sími: 440-4920  
[www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

Söluaðilar:  
Íslandsbanki hf.  
[www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

\*\*\*\*Sjóðurinn hefur verið starfsræktur síðan 30.06.1998.

### Áhætta og fyrirvari

---

Fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í verðbréfasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflökts gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Sjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í hlutabréfum skráðra fyrirtækja í Kauphöll Íslands. Leitast er við að dreifa fjárfestingum í samræmi við vægi félaga í viðmiðunarvísitölu sjóðsins, sem inniheldur stærstu og veltumestu félögin á markaðinum. Sveiflur í vísitölunni leiða því til sveiflna í gengi sjóðsins. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi og ávöxtun sjóðsins er háð þróun á hlutabréfamarkaði og tekur því mið af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum vegna stöðutöku, en að hámarki 10% af heildareignum.

Fjárfestingu í hlutabréfum fylgir alltaf áhætta. Hægt er að draga úr áhættu með því að fjárfesta í vel dreifðu hlutabréfasafni. Bent er á að fá félög eru skráð á innlendum hlutabréfamarkaði og því eru tækifæri til áhættudreifingar minna en ella væri. Jafnframt að skynsamlegast er að horfa til langs tíma í fjárfestingum í hlutabréfum/hlutabréfasjóðum og fjárfestir þarf að vera meðvitaður um áhættuþol sitt.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafa og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu Hlutabréfasjóðsins, sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikiörk. Útboðslýsing og lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru aðgengileg á heimasíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is).

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.